

8.október 2019, Reykjavík

Þau hestamannafélög sem stóðu að undirbúningi og framkvæmd Íslandsmótsins 2019 funduðu mánudaginn 23.september.

Tilgangur fundarins var að rýna í hvað gekk vel og hvað hefði betur mátt fara auk þess sem farið var yfir uppgjör mótsins.

Þau félög sem að mótinu stóð voru: Sörli, Sóti, Sprettur, Fákur, Hörður og Adam. Máni og Brimfaxi hættu við nokkrum vikum fyrir mót.

Það sem vel tókst;

- Samstarf félaganna gekk mjög vel
- Dagskrá mótsins stóðst, veður var oftast gott, áhorfendafjöldi nokkur og mikill sýnileiki í íþróttufréttum Stöð 2 og RÚV
- Vel heppnuð tilraun með nýja útfærslu af streyminu og dágóðar tekjur vegna sölu streymisins
- Jákvætt að minni félög, líkt og Adam og Sóti, getið tekið þátt í stórmótahaldi og lagt sitt af mörkum
- Nokkuð jöfn dreifing var af framlagi félaganna til sjálfböðavinnu en hvert félag lagði til ca. 120-150 klst í sjálfböðavinnu

Það sem hefði mátt gera betur;

- Úthluta mótinu fyrir og gera skriflegan samning við LH
- Hefja undirbúning mótsins fyrir, þá hefði verið hægt að safna styrkjum fyrir
- Vonbrigði að LH sá sér ekki fært um að veita fjárhagslegan stuðning vegna fótaskoðunar vegna úrtöku fyrir HM2019.

Nokkrar tillögur til LH;

- Gera skriflegan samning við mótshaldara
- Að mótinu verði lögð til ákveðin upphæð svo hægt sé að hefja undirbúning mótsins
- Að tekinn verði saman ákveðinn „pakki“ með öllum helstu gögnum, lógóum, verkferlum, skyldum og ábyrgð mótshaldara
- Leggja til starfsmann sem leiði mótshaldara af stað til að hefja undirbúning mótsins
- Sjá til þess að kallaðir verði inn farandgripir mótsins, þeir merktir og komið með á mótstað
- Þegar úrtaka er líka hluti af Íslandsmóti þarf að vera skýrt hvaða auka kvaðir eru á mótshaldara